

# Argentína, Brasilía & Chile

– *til endimarka heimsins*

18. janúar – 9. febrúar 2025

**KOLUMBUS**  
ÆVINTÝRAFERÐIR



**Sr. Þórhallur Heimisson** verður fararstjóri í ferðinni en hann hefur ferðast með marga hópa á vegum Kolumbus ævintýraferða víða um heim á undanförunum árum. Honum til aðstoðar verða staðarleiðsögumenn sem veita fræðslu um staðarhætti og annað sem áhugavert er að upplifa.



## Laugardagur 18. janúar

### Brottför frá Íslandi

---

Ferðin hefst í Leifsstöð þar sem hópurinn hittir fararstjórnann, sr. Þórhall Heimisson, flogið er með flugi Icelandair FI623 til New Jersey kl. 17:00 og lent þar kl. 18:10 að staðartíma. Farþegar fara í gegnum toll og eftirlit og svo er haldið með hótelskutlum stuttan spöl að **Marriott EWR Airport** hótelinu þar sem gist verður fyrstu nóttina.

## Sunnudagur 19. janúar

### New York og flogið til Buenos Aires

---

Morgunverður á hótelinu (innifalinn) og síðan er brottför með rútu kl. 10:00 áleiðis í 6 klst. skoðunarferð um New York City. Stoppað verður á nokkrum stöðum og tími gefst til að fá sér hádegisverð. Komið á JFK-flugvöll um kl. 16:00 þar sem hópurinn innritar sig í flug American Airlines AA-953 með brottför kl. 22:00 í beint næturflug til Buenos Aires þar sem lent er á alþjóðaflugvöllinum EZE að morgni 20. janúar kl. 10:50.

## Mánudagur 20. janúar

### Koma til Buenos Aires

---

Fararstjóri hópsins mun safna hópnum saman við komuna og þegar allir hafa heimt farangur sinn heldur hópurinn að rútu sem bíður fyrir utan flugstöðina ásamt staðarleiðsögumanni. Ekið verður inn í stórborgina (ca. 40 mín.) að hótelinu og farangri komið fyrir. Eftir það er haldið í stutta skoðunarferð um borgina miklu þar sem við kynnumst risavöxnu umfangi og iðandi mannlífi Buenos Aires og hlýðum á áhugaverða leiðsögn staðarleiðsögumanns okkar. Snæddur verður 3ja rétta hádegisverður á veitingastaðnum Mirasol de Puerto (drykkir eru ekki innifaldir) sem er á fallegum stað við nýju höfnina. Eftir það er haldið aftur að hótelinu þar sem innritun fer fram frá og með kl. 15:00 að staðartíma. Tímamismunur er -3 klst. m.v. íslenskan tíma. Fyrstu 3 nætur ferðarinnar verður gist á **Pulitzer Hotel Buenos Aires**, góðu 4\* hóteli.

Eftir innritun mun fararstjórinn halda stutta kynningu á Buenos Aires og ferðinni í heild sinni. Hótelið er miðsvæðis í borginni skammt frá hinu fjölfarna breiðstræti Florida þar sem er fjöldi verslana auk hinnar stóru verslunarmiðstöðvar Galerías Pacífico sem er þess virði að heimsækja sökum stórbrotinna liststaverka sem umlykja verslunarmiðstöðina. Eftir hádegisverð og ferðakynningu er frjáls dagskrá það sem eftir lifir dags og fólk getur skoðað sig um í Buenos Aires. Fararstjóri mun jafnframt veita góð ráð um hvað hægt er að upplifa og benda á hentuga veitingastaði í nágrenni hótelsins.

Máltíðir innifaldar:  
• Hádegisverður



Priðjudagur 21. janúar

## Skoðunarferð um Buenos Aires og tangósýning

Þennan dag ferðast hópurinn um borgina, sem oft hefur verið nefnd „París Suður-Ameríku“, og nýtur breiðstrætanna og annarra heillandi ökuleiða víðsvegar um þessa stórbrotnu höfðuborg Argentínu. Bæjarferðin hefst við Maí-torgið sem fram til dagsins í dag er vettvangur Argentínumanna fyrir pólitísk mótæmi. Við heyrum um sögu Argentínu og heimsækjum dómkirkjuna, þar sem hershöfðinginn og frelsishetja Suður-Ameríku, José San Martín, er grafinn, og sjáum þar hinn „eilífa lög“. Á Maí-torginu er og hin bleika höll ríkisstjórnar landsins, Casa Rosada, og gamla ráðhúsið Cabildo sem hefur staðið við torgið allt frá spænska nýlendutímanum. Við öikum út af hinu mikla 12 akbrauta breiðstræti, 9 de Julio, meðfram helsta kennileiti Buenos Aires, súlunni miklu, sem kölluð er Obelisk, og sjáum fallega óperu- og ballethúsið sem heitir „Colón-leikhúsið“. Við förum líka í gegnum hið heillandi gamla Tangó- og nýlenduhverfi, San Telmo, sem hefur verið endurnýjað á síðustu tveimur áratugum.

Síðan höldum við í hið glæsilega Recoleta hverfi, sem er skammt frá hótelinu okkar, og heimsækjum Recoleta kirkjugarðinn og heyrum frásagnir af frægustu forsetafrú Argentínu, Evu Perón, sem er betur þekkt undir nafninu Evita. Leiðin liggur loks til La Boca hverfisins við ána þar sem hinn eini og sanni tangó er sagður hafa verið fyrst stiginn meðal fátækustu innflytjendanna sem komu til landsins frá Ítalíu, Spáni og Þýskalandi. Þetta hverfi er einnig þekkt fyrir knattspyrnu, þjóðaríþrótt Argentínumanna sem eru eins og alþjóð veit ríkjandi heimsmeistarar í knattspyrnu. Tækifæri gefst til að kaupa sér léttan hádegisverð við La Boca og þeir sem kjósa halda síðan með rútu áleiðis að hótelinu. Aðrir dvelja áfram í hverfinu og taka síðan leigubíl til baka.

Tangó er hinn argentínski þjóðardans. Um kl. 19:30 er haldið með rútu á skemmtistaðinn La Ventana þar sem við sjáum stórkostlega tangósýningu, „Tango show“. Hér munum við njóta ekta argentínskrar veislumáltíðar en allur matur og hálf vínflaska á mann er innifalinn þetta kvöld.

### Máltíðir innifaldar:

- Morgunverður og kvöldverður



Miðvikudagur 22. janúar

## Frjáls dagur í Buenos Aires

Dagurinn er til frjálsrar ráðstöfunar og mun fararstjórinn gefa góð ráð um hvað hægt sé að gera og benda á skemmtilega veitingastaði. Einnig er hægt að skreppa í dagsferð til Uruguay með ferju yfir stórflyjótið River Plate til Colonia de Sacramento sem er 26 þús. manna bær. Ferja þangað gengur reglulega og tekur siglingin um 90 mín. hvora leið.

Máltíðir innifaldar:

- Morgunverður.

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025



Fimmtudagur 23. janúar

## Frá Buenos Aires til Santiago

Við fljúgum áfram frá Argentínu kl. 11:45 til Santiago, höfuðborgar Chile, en borgin er á fallegum slóðum milli snævi þakinnna tinda Andesfjalla og á sér merka sögu. Lent er í Santiago kl. 14:10 og við komum síðdegis á hótelið okkar, **Novotel Providencia**, og gistum í Providencia-hverfinu, aðlaðandi borgarhluta með skrúðgörðum, notalegum kaffihúsum og góðum veitingastöðum. Frjáls tími það sem eftir lifir dagsins.

Máltíðir innifaldar:

- Morgunverður

Föstudagur 24. janúar

## Skoðunarferð um borgina og vínsmökkun í Maipo-dalnum

Í fáum borgum í Suður-Ameríku er andrúmsloftið jafnheillandi og í höfuðborg Chile með sinni töfrandi blöndu af gömlu og nýju. Við byrjum skoðunarferðina í miðborginni þar sem við fræðumst um sögu Chile allt frá því að Spánverjar veittu landinu sjálfstæði árið 1818 þar til lýðveldi var komið á að nýju árið 1990 eftir einræðisstjórn Augusto Pinochet í sautján ár. Einnig verður dregið á atburði í sögu landsins undir stjórn Spánverja þegar hinum herskáu Mapuche-indíánum, sem bjuggu á þessum slóðum, tókst að veita spænskum stjórnarherrum mótstöðu í þrjár aldir. Við heimsækjum forsetahöllina La Moneda þar sem sósíalístitinn, Salvador Allende, forseti, svipti sig lífi þegar Pinochet braust til valda 11. september árið 1973. Við ökum áfram gegnum viðskiptahverfið í Santiago og á aðalborg borgarinnar, Plaza de Armas, þar dómkirkjan gnæfir yfir, og síðan á freistandi markað þar sem söluborðin svigna undan glænýjum fiski úr Kyrrahafi.

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025



Síðdegis bregðum við okkur til Maipo-dalsins sem gengur einnig undir nafninu „vínadalurinn“. Í dalnum hefur stærsti vínútflytjandi í Chile, Concha y Toro, verið með vínrækt og víngerð síðan árið 1883. Við fáum að kynnst leyndardómum víngerðarinnar, röltum um fallega garða og lítum einnig við í vínkjallaranum. Þar eru til sýnis æfagömul vín sem hafa legið um kyrrt í kjallaranum síðan fyrsti eigandi vínakranna og fyrirtækisins, Don Melchior Concha y Toro, settist hér að og hóf starfsemina. Okkur verða boðin góð vín (smökkun innifalin í verði). Við ljúkum svo deginum á hótelinu.

**Máltíðir innifaldar:**

- Morgunverður
- Nestispakki

Laugardagur 25. janúar  
**Frjáls dagur í Santiago**

Frjáls dagur í Santiago og tilvalið að skoða sig um í miðborginni og njóta veðurbliðunnar en hitinn á þessum tíma er oftast 30-35°C. Útýnið til Andesfjalla er stórbrotið en hæstu tindar í nálægð við höfuðborgina ná yfir 5000 m hæð. Einnig er hægt að heimsækja hæsta turn Suður Ameríku (62 hæðir) og fylgjast m.a. með sólsetri við Kyrrahafið sem er mögnuð sjón í björtu veðri.

**Máltíðir innifaldar:**

- Morgunverður

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025



Sunnudagur 26. janúar

## Haldið suður á bóginn til Punta Arenas – Puerto Natales í Patagoníu

Morgunverður eldsnemma áður en lagt er af stað á flugvöllinn í Santiago um kl. 6:00. Við fljúgum til Punta Arenas í Patagóníu, syðst í Chile með brottför 8:50 og lendum þar kl. 12:15. Þegar komið er á áfangastað bregðum við okkur í gönguferð um bæinn. Punta Arenas stendur við 600 km langt Magellansund, nefnt eftir portúgalska landkönnuðinum Ferdinand de Magellan sem tókst að sigla á þennan afskekktu stað árið 1520.

Blómatímar Punta Arenas voru á síðari hluta 19. og í byrjun 20. aldar þegar ævintýragjarnir eldhugar sigldu um Magellansund á leið sinni í leit að gulli á vesturströnd Norður-Ameríku og í Alaska. Eftir að Panamaskurðurinn var opnaður árið 1914 má heita að Punta Arenas hafi hnignað ört. Núna gegnir bærinn minniháttar hlutverki sem herstöð og tollfrítt svæði. Oft sést vel yfir Magellansund til Isla Grande de Tierra del Fuego, Eldlandsins, sem er stærsta eyja í Suður-Ameríku, og til Darwin-fjallgarðsins þar sem hæstu tindar vestur við Kyrrahaf ná 2.000 m hæð.

Eftir heimsókn og hádegisverð í Punta Arenas (frjáls val) öikum við í þrjár klukkustundir til Puerto Natales og komum þangað síðdegis. Gist verður í 3 nætur á **Costaustralis Hotel** niður við höfnina þaðan sem fallett útsýni er til Andesfjalla.

### Máltíðir innifaldar:

- Morgunverður

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025





## Mánudagur 27. janúar Torres del Paine

Við notum daginn til þess að heimsækja hinn stórbrotna og undurfagra þjóðgarð Torres del Paine. Við nemum fyrst staðar hjá hellinum Cueva Milodon. Hér leituðu menn og dýr skjóls fyrir mörgum þúsundum ára og árið 1895 fundust í þessum helli leifarnar af risavöxnu letidýri frá forsögulegum tíma. Inni í hellinum stendur tréstyttu af þessari forsögulega skepnu svo að gestir geta séð með eigin augum hversu stór þau voru þessi dýr. Við höldum svo ferðinni áfram í átt að þjóðgarðinum og ökum um hrífandi landslag.

Þjóðgarðurinn Torres del Paine er í stórbrotnu fjalllendi með iðjagrænum dölum, skriðjöklum, ísbreiðum og grænbláum stöðuvötnum. Hér halda til meira 100 fuglategundir. Þekktastur þeirra er kondórinn en einnig er algengt að sjá flamingóa á svæðinu. Þarna sjást einnig fjölmargar gúanökkur (villt lamadýr) og nandú-strútar. Við innganginn í þjóðgarðinn er frábært útsýni til hinna víðfrægu fjallatinda, Las Torres (Turnarnir), sem eru auðkennistákn þjóðgarðsins. Eftir að hafa notið dvalarinnar í þjóðgarðinum ökum við til Puerto Natales þegar nær dregur kvöldi

### Máltíðir innifaldar:

- Morgunverður og nestisþakki

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025



Þriðjudagur 28. janúar

## Puerto Natales – Balmaceda og Serrano.

Enn bíður okkar eftirminnilegur dagur. Við förum um borð í skip sem siglir með okkur inn í Última Esperanza-fjörðinn til Bernardo O'Higgins þjóðgarðsins þar sem getur að líta stórfenglega skriðjökla eins og Balmaceda og Serrano.

Á leiðinni fræðumst við um sögu Puerto Natales og sjáum Kondóra-fossinn. Siglt verður að skriðjökulstungu Balmaceda sem er áhrifamikil sjón. Þaðan er svo ferðinni haldið áfram til Puerto Toro þar sem við stígum í land og förum í hringsiglingu gegnum Coihües-skóginn og næstum alveg að Serrano-skriðjöklinum. Eftir það er snæddur hádegisverður á öðrum viðkomustað nálægt skóginum. Að loknum frábærum degi í nokkrum af fegurstu fjörðum Chile verður haldið aftur til Puerto Natales og gist þar.

### Máltíðir innifaldar:

- Morgun- og hádegisverður

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025



Miðvikudagur 29. janúar

## Puerto Natales til El Calafate í Argentínu.

Við snæðum morgunverð snemma og ökum svo af stað kl. 7:15 áleiðis til El Calafate (um 4ra klst. akstur). Á leiðinni förum við yfir landamærin til Argentínu. Léttur hádegisverður á leiðinni er innifalinn (nestispakki).

Komið verður til El Calafate laust eftir hádegi og við innritum okkur á fallett hótél í bænum, **Edenia Hotel**, þar sem dvalist verður næstu 2 nætur. Frjáls tími gefst eftir hádegi til að skoða sig um í þessu litla þægilega þorpi sem býður uppá fjölda veitingastaða og skemmtilegt mannlíf. Síðdegis verður svo haldið í heimsókn á fjárbúgarðinn **25 de Mayo Ranch** sem er nálægt bænum. Hópurinn verður boðinn velkominn með smá hressingu áður en farið verður í gönguferð í hinni fallegu náttúru kringum búgarðinn. Þegar komið verður til baka fáum við stutta sýnikennslu í hvernig sauðféð í Argentínu er rúið og ullin meðhöndluð. Staðarhaldarar segja frá störfum sínum með dýrin og ef veður leyfir sýna gestgjafarnir hæfni sína á hestbaki. Kvöldinu lýkur með góðum kvöldverði þar sem boðið verður upp á ferskt lamb, lagað og framreitt á hefðbundinn patagónískan hátt. Mettir af hinum ágæta mat og eftirminnilegum degi snúa ferðalangar aftur á hótelið.

### Máltíðir innifaldar:

- Morgunverður, nestispakki og kvöldverður.

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025







Fimmtudagur 30. janúar

## Lago Argentino og stærsti innanlands-skriðjökull heims.

Við notum daginn til skoðunarferðar sem hefst meðfram stærsta stöðuvatni Argentínu, Lago Argentino. Vatnið er mettað af leir og steinefnum frá bráðnandi jöklum á svæðinu og er gráhvítt yfirborð vatnsins kallað „jökulmjólk“. Landslagið er ákaflega fallegt og við sjáum hinar óviðjafnanlegu patagónísku sléttur, jökulbráð í vötnunum og hin völdugu snævipöktu Andesfjöll við landamæri Argentínu og Chile. Við höldum inn í þjóðgarðinn til að komast í snertingu við stærsta innanlands-skriðjökul heims, Perito Moreno. Því nær sem kemur að jöklinum því háværi verða brestirnir frá stórum og litlum jökum sem sem hrynja úr jökuljaðrinum og senda flóðbylgjur út í vatnið. Hér förum við einnig í 1 klst. siglingu á lóninu sem fellur til frá jöklinum og siglt er mjög nálægt honum þar sem frábært tækifæri gefst til myndatöku.

Perito Moreno er einstakur skriðjökull vegna þess að hann skriður áfram um tvo metra á dag og rekst á skaga sem hópurinn kemur til með að ganga á. Jökullinn myndar lítið stöðuvatn þar sem vatnsborðið rís hraðar en á hinni hlið skagans sem grefur úr jöklinum þar sem hann rekst á skagann. Nokkrum sinnum á ári brotnar svo mikið úr jökultungunni að vatnshæðin á milli litla stöðuvatnsins og stóra vatnsins jafnast út. Einnig verður farið í 1 klst. siglingu á lóninu sem fellur til frá jöklinum og siglt mjög nálægt jöklinum þar sem frábært tækifæri gefst til myndatöku. Ekið til baka áleiðis til El Calafate og komið þangað síðdegis. Tilvalið að að röltu um hina geysivinsælu göngugötu bæjarins þar sem margar skemmtilegar vörur eru á boðstólum ásamt fjölda veitingastaða.

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025

### Máltíðir innifaldar:

- Morgunverður og nestispakki (heilsdagsferð)



## Föstudagur 31. janúar Syðst á bóginn til Ushuaia

Við tökum því rólega fyrir hádegi en höldum áleiðis á flugvöllinn í El Calafate um kl 13:00 (25 mín. akstur) og eftir það í stutta flugferð til borgarinnar Ushuaia kl. 15:10 þar sem lent verður kl. 16:30. Dvalið verður í 2 nætur á **Fuego Hotel**. Ushuaia (Djúpavík) er opinberlega syðsta borg heims og stendur á „heimsenda“, Eldlandi við 55° suðlægrar breiddar. Flogið er inn yfir Beaglesundið (Beagle Canal) sem er nefnt eftir skipinu sem náttúrufræðingurinn heimskunni, Charles Darwin, sigldi með á rannsókniferð sinni um þessar slóðir. Beaglesund er fallegt en kalt og tengir Atlantshaf við Kyrrahaf.

### Máltíðir innifaldar:

- Morgunverður

## Laugardagur 1. febrúar Dagur í þjóðgarðinum Tierra del Fuego og sigling á Beaglesundinu

Um kl. 9:00 ökum við til þjóðgarðsins Tierra del Fuego rétt fyrir utan Ushuaia en þar er svokallaður tempraður regnskógur vegna hinnar miklu árlegu úrkomu á svæðinu. Hér ber fegurð náttúrunnar vitni um hin einstöku vaxtarskilyrði við endimörk heimsins; mörg trjána vaxa í 45 gráðu vinkel, hafa sveigst undan öflugum suðvestanvindinum sem ríkir á vissum tímabilum á þessu svæði. Farið verður í nokkrar stuttar gönguferðir til að líta betur á gróðurinn þar sem suðurhafsbeyki er meðal trjátegunda. Með smá heppni mun sjást til refa og kanína og við blasir hin mikla eyðilegging sem innfluttir bjórar frá Kanada hafa valdið víða á Eldlandi. Þá gefst einstakt tækifæri til að njóta náttúrunnar í kring þegar „nestið“ verður snætt á hádegi undir berum himni.

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025



Á síðustu ísöld var svæðið þakið mikilli þykkri jökulbreiðu. Þannig einkennist þjóðgarðurinn af jökulruðningum og hér er einnig stöðuvatn sem hefur áður verið fjörður út í Beaglesund. „Pan American-þjóðvegurinn“, sem hefst í Alaska og liggur suður Norður-, Mið- og Suður-Ameríku, endar hér. Hann er lengsti samfelldi vegur í heimi eða um 17.000 km að lengd. Einnig verður syðsta pósthús í heimi heimsótt en þar er aldinn maður að störfum eftir áratugi í þessu litla merkilega pósthúsi. Þar er hægt að póstleggja póstkort og óska eftir stimpli í passann.

Um kl 15:00 er farið í bátsferð á Beaglesundi\*. Innfæddur staðarleiðsögu- maður mun veita náttúruleiðsögn um borð og segja okkur frá mergð albatrossa og ýmissa andategunda sem við munum sjá meðal ótal annarra fugla- tegunda. Við sjáum sæljón og mörgæsattegundir sem dvelja líka á þessum slóðum. Snævi þaktir tindar fjallanna í bakgrunninum eru á landamærum Argentínu og Chile, og voru áður heimili flökkufólks sem hafði logandi eld alls staðar meðferðis, jafnvel í kanóbátum sínum. Þess vegna ber svæðið heitið „Eldland“. Siglt verður að hinum fræga vita, Les Eclaireus, í gegnum skerjött hafsvæði sem geymir á botni sínum fjölmörg sokkin hafskip. Heildarferðar- tími ásamt siglingunni er 5 klukkustundir og komið til hafnar í Ushuaia um kl. 20:30. Eftir það er tilvalið að rölta um bæinn og finna sér góðan veitingastað en nóg er af þeim við strandgötuna í bænum. Við erum stödd það sunnarlega á hnettinum að bjart er til kl. 23:00 að kvöldi á þessum árstíma. Kvöldið er frjálst til að kanna og njóta svæðisins á eigin vegum og kvöldverðarhugmynd sem hægt er að mæla með og njóta er Kingcrab (krabbi) eða Merluza Negra (Suðurhafsporskur) – sem er eiginlega skylda að prófa á þessum breiddar- gráðum.

*\*Sigling um Beaglesund er háð veðri en ferðaskrifstofan áskilur sér rétt til að fella ferðina niður ef veður hamlar og bann við siglingu þennan dag er í gildi frá hafnaryfirvöldum.*

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025

**Innifalið:**

- Morgunverður og nestispakki





Sunnudagur 2. febrúar

## Norður til Puerto Iguazú.

Flogið norður á bóginn kl. 09:20 að landamærum Argentínu og Brasilíu til Puerto Iguazú og lent þar kl. 20:45 með millilendingu á AEP flugvelli í Buenos Aires kl. 12:50 þar sem við þurfum að bíða í um 6 klst. í flugstöðinni eftir næsta flugi. Farangur verður innritaður alla leið til Iguazú. Í flugstöðinni er hins vegar góð aðstaða og veitingastaðir þar sem hægt er að fá sér að borða.

Við komuna til Iguazú verður haldið rakleiðis á hótél okkar, **Amerian Park Iguazu Hotel 4\*** þar sem gist verður í 2 nætur. Svæðið hefur verið nefnt eitt af sjö undrum veraldar en gríðarlegt vatnsmagn í Iguazú fossum fellur með ótrúlegum krafti fram af allt að 100 metra háum klettabrúnum allan sólarhringinn.

Máltíðir innifaldar:

- Morgunverður.

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025



Mánudagur 3. janúar

## Dagur við Iguazú fossa – eina af stærstu fossum veraldar.

Heilsdagsferð til Iguazú þjóðgarðsins þar sem við sjáum stærstu fossa í heimi. Þetta eru í raun 275 fossar sem dreifast yfir 80.000 ha svæði. Þar er frumskógur eins langt og augað eygir með tukan-fuglum, páfagaukum, öskurörpum, jagúörum og mörgum öðrum frumskógardýrum svo dæmi séu tekin. Þjóðgarðurinn Argentínuegin er tengdur þjóðgarðinum Brasilíuegin en hann heimsækjum við daginn eftir. Ekið verður í lítilli opinni lest að stærstu fossunum – Gapi Djöfulsins – sem eru á landamærum Argentínu og Brasilíu. Fyrir hádegi verður gengið á þar til gerðum göngustígum sem liggja að og við rætur fossanna með tilheyrandi upplifun frá öllum hliðum séð. Á sumum stöðum er nauðsynlegt að pakka myndavélum og sínum vel inn vegna vatns-gufunnar og loftrakans. Rétt eftir hádegi verður gert hlé á dagskránni þar sem ferðalöngum gefst kostur á að kaupa sér hressingu á tveimu mismundandi veitingastöðum.

Eftir hádegi er síðan haldið í einskönar „Safariferð“ þar sem hópnum verður ekið á opnum pallbíl í gegnum regnskóginn niður fljótinu River Iguazú þar sem stigið verður upp í lítinn bát sem siglir með hópinn upp að fossunum. Þetta er mikið ævintýri þar sem fólk blotnar töluvert en allir fá þar til gerða vatnshelda poka sem hægt er að geyma töskur, síma, skó og annað sem ekki er æskilegt að nota rétt meðan siglt er undir fossana. Ferðinni lýkur síðdegis og þá er haldið beint á hótelið.

Efnt verður til kvöldverðar á veitingastaðnum Hito ef áhugi er fyrir hendi (ekki innifalið í verði) en stórkostleg sjón er að sitja þarna við landamæri þriggja landa Argentínu, Brasilíu og Paragvæ og fá sér kvöldverð með útsýni yfir River Iguazú.

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025

Máltíðir innifaldar:

- Morgunverður



Þriðjudagur 4. febrúar

## Iguazú fossarnir séðir frá Brasilíu – haldið til Rio de Janeiro.

Lagt er snemma af stað með rútu frá hótelinu að landamærum Brasilíu og Argentínu. Bið á landamærunum getur tekið allt að 1 klst. samanlagt og því þarf að fara snemma af stað. Fyrri hluta dagsins fær hópurinn að upplifa náttúrufegurðina við Iguazú fossana séða frá brasilísku hlið þjóðgarðsins og þá sjást flestir þeir fossar sem barðir voru augum deginum áður, Argentínuegin. Upplifunin er talsvert önnur og áhrifameiri m.t.t. myndatöku. Ferðalangar munu þá njóta 360° útsýnis yfir allt svæðið í gönguferð sem spannar um 1,5 km. Meiriháttar upplifun og margir telja að hápunktinum verði náð við lok göngunnar þegar komið er að eins nálægt „Gapi Djöfulsins“ og hægt er að komast.

Eftir göngu meðfram fossunum er hópnun safnað saman um hádegisbil og eftir það verður svo haldið af stað frá Iguazú áleiðis á flugvöllinn Brasilíuegin þaðan sem flogið verður til Rio de Janeiro, næststærstu borgar Brasilíu þar sem íbúar eru um 7 milljónir. Brottför til Rio de Janeiro áætluð kl. 15.00 með millilendingu í Sao Paulo. Lent er í Rio kl. 18:35. Staðarleiðsögumaður tekur á móti okkur og fylgir að rútu sem ekur hópnun inn í þessa stórbrotnu borg að glæsilegu hóteli, **Windsor California 4\*** þar sem gist verður í 3 nætur (herbergi leigð í 4 nætur). Frjáls dagskrá um kvöldið og tilvalið að skoða sig um á strandgötunni við frægustu baðströnd verldar, Copacabana. Í borginni eru margar strendur, sem liðast meðfram fjalllendi, og borg, náttúra og haf renna saman í eitt og hafa gefið Rio de Janeiro gælunafnið „Guðs borg“.

Máltíðir innifaldar:

- Morgunverður

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025



Miðvikudagur 5. febrúar

## Kristsstyttan

Lagt af stað kl. 10 í skemmtilega skoðunarferð meðfram ströndum Rio de Janeiro, þ.m.t. Copacabana og Ipanema þannig að þátttakendur átti sig betur á því hvernig borgin liggur landfræðilega. Eftir það er farið í innri bæinn að lestarstöðinni sem flytur okkur með tannhjólalest upp á topp hins 713 metra háa Corcovado fjalls. Lestarferðin er stórkostleg í gegnum bæjarþjóðgarðinn í Rio de Janeiro með apa og páfagauka í návígi. Héðan er ótrúlegt og ógleymanlegt útsýni suður í átt að Ipanema-ströndinni, norðan við hótelið okkar á Copacabana-ströndinni, og ef litið er enn lengra má sjá hið mikla stöðuvatn enn norðar. Á toppnum bíður eitt af opinberum sjö undrum heims: „Kristsstyttan“ sem gnæfir hátt yfir „Borg Guðs“. Sjálf styttan er 38 m há og vegur 1145 tonn. Haldið niður eftir 1 klst. dvöl við Kristsstyttuna og komið á hótelið um miðjan dag.

Máltíðir innifaldar:

- Morgunverður

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025



Fimmtudagur 6. febrúar

## Sykurtoppurinn og dómkirkjan

Lagt er af stað kl. 8:30 í skoðunarferð á stað sem hugsanlega er enn frægara tákn fyrir Rio de Janeiro en Kristsstyttan en það er „Sykurtoppurinn“. Það er steinstallur sem farið er upp að með tveimur svifbrautum að endastöðinni sem er í 396 metra hæð með útsýni yfir Guanabaraflóann og innsiglinguna frá Atlantshafi. Stórkostlegt útsýni er þarna á efsta hluta efri klettsins þar sem strendur Rio blasa við ásamt öðrum borgarhlutum, smábátahöfn og innanlandsflugvelli borgarinnar.

Svo er farið aftur niður með kláfnum og við rennum fram hjá ýmsum ströndum og yfir lónið mikla sem meðal annars var vettvangur róðrarkeppninnar á Ólympíuleikunum árið 2016. Eftir að komið er til baka verður svo ferðast um miðborg Rio, við skoðum hina nýju og sérstöku dómkirkju **Lipa Cathedral** og gamla fallega óperuhúsið og farið að hinu þekktu listasafni borgarinnar við höfnina í Rio de Janeiro. Þeir sem áhuga hafa gefst kostur á að heimsækja hinar heimsfrægu tröppur „Selarons“ og koma sér síðan til baka á eigin vegum með leigubíl. Komið á hótelið laust eftir hádegi og frjáls dagskrá það sem eftir lifir dags til að skoða sig um í borginni. Um kvöldið verður blásið til kveðjukvöldverðar á spennandi veitingastað í Rio.

Máltíðir innifaldar:

- Morgunverður

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025



Föstudagur 7. febrúar

## Frjáls dagur í Rio og brottför / heimferð.

Dagurinn er frjáls fram eftir degi og þá er hægt skoða sig betur um í stórborginni eða njóta strandlífsins á Copacabana. Herbergi eru innifalin í verði fram á kvöld og því þarf ekki pakka niður í töskur fyrr en líða fer að brottför. Brottför frá hótelinu með rútu áleiðis á alþjóðaflugvöllinn GIG er um kl. 18:30 þaðan sem flogið verður með American Airlines í beinu næturflugi AA-974 áleiðis til New York/JFK kl. 23:00.

Máltíðir innifaldar:

- Morgunverður

Laugardagur 8. febrúar

## Koma til New York og brottför til Íslands

Lent er á Kennedy flugvelli kl. 7:10 eftir næturflug frá Rio de Janeiro. Farþegar sækja töskur sínar og halda ásamt fararstjóra út fyrir flugstöðvarbygginguna í hótélrútu sem ekur mannskapnum að **Marriott JFK-Aiport** þar sem herbergi bíða tilbúin til afnota þar til eftir hádegi. Lagt af stað aftur að flugstöðinni kl. 17:00 og komið þangað skömmu síðar þar sem innritun fer fram í flug Icelandair FI614 með brottför kl. 19:25. Lent er í Keflavík að morgni 9. febrúar kl. 6:10.

Þar með lýkur þessari glæsilegu ferð um Suður Ameríku löndin þrjú, Argentínu, Brasilíu og Chile.

Argentína,  
Brasilía  
& Chile

– til endimarka heimsins

18. janúar. – 8. febrúar 2025

# Verð og greiðslur

Verð á mann: **1.490.000 kr.**

Aukagjald fyrir eins manns herbergi er **249.000 kr.**

Við staðfestingu pöntunar þarf að greiða 100.000 kr. sem er að fullu endurgreiðanlegt til 1. ágúst 2024. Þann 10. september þarf að standa skil á 50% af verði ferðarinnar og lokauppgjör þarf að fara fram 25. október. Að öðru leyti vísast í ferðskilmála Niko ehf/Kólumbus Ævintýraferða sem má nálgast á heimasíðunni kolumbus.is

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður K. Kolbeinsson, í síma 499-2960 eða á netfanginu niko@niko.is.

## Innifalið

- Flug á Economy Class frá Keflavík til Buenos Aires (um New York) og heimflug frá Rio de Janeiro, þ.m.t. skattar og gjöld.
- Allt innanlandsflug í Argentínu, Chile og Brasilíu, þ.m.t. skattar og gjöld.
- Gisting í tveggja manna herbergi í góðum og vel staðsettum hótélum í 19 nætur.
- Máltíðir samkvæmt ferðalýsingu.
- Allur flutningur og skoðunarferðir þ.m.t. aðgangseyrir samkvæmt ferðaáætluninni.
- Skoðunarferðir í Buenos Aires og aðgangur að grafhýsi Evu Peron.
- Tangósýning og sameiginlegur kvöldverður í Buenos Aires.
- Skoðunarferðir í Santiago og dagsferðir í suður hluta Chile, við Punta Arenas og Puerto Natales.
- Ferðalög til Tierra del Fuego þjóðgarðarins auk bátsferðar.
- Heimsókn á búgarð við El Calafate ásamt góðum kvöldverði.
- Dagsferð til stærsta stöðuvatns Argentínu, Lago Argentino, og stærsta innanlands-skriðjökuls veraldar, Perito Moreno.
- Heimsókn til hinna heimsfrægu Iguazú fossa bæði frá argentínsku og brasilísku landsvæðum, þ.m.t. bátsferð.
- Skoðunarferðir og slökun í Rio de Janeiro.
- Svæðisleiðsögumenn / náttúruleiðsögumenn.
- Fararstjórn sr. Þórhalls Heimissonar sem ferðast með hópnum frá Keflavík og verður með hópnum allan tíman þar til ferðinni lýkur.
- Sérstakur kynningarfundur í Agóges salnum í Lágmúla 4 í byrjun janúar 2025 þar sem fararstjóri og starfsfólk Kólumbus mun upplýsa þátttakendur um helstu atriði sem hafa ber í huga áður en lagt er upp í þessa langferð.



**KOLUMBUS**  
ÆVINTÝRAFERÐIR



**KOLUMBUS**  
ÆVINTÝRAFERDIR